

Minjastofnun Íslands  
Sædís Gunnarsdóttir  
Suðurgötu 39  
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. júní 2024  
Málsnúmer: 202404-0057  
LA

### Efni: Athugasemdir við útvíkkun á friðlýsingu menningarminja við Hofstaði

Vísað er í erindi frá Minjastofnun Íslands þann 23. apríl 2024 þar sem óskað er eftir athugasemdum frá Náttúrufræðistofnun Íslands við áform um friðlýsingu menningarminja við Hofstaði í Mývatnssveit.

Hjá Minjastofnun Íslands er hafin undirbúningur að því að útvíkka friðlýsingu Hofstaða og friðlýsa menningar- og búsetulandslag við heimatúnið á Hofstöðum í Mývatnssveit.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér friðlýsingaráformin og telur mjög jákvætt að friðlýsa samfelld svæði sem hafa menningarsögulegt gildi. Stofnunin bendir á að svæðið skarast að hluta til við verndarsvæði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu samkvæmt lögum nr. 97/2004. Þá hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt svæðið á B-hluta náttúruminjaskrá vegna vatnafugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/nordausturland/myvatn-laxa>).

Náttúrufræðistofnun telur að friðlýsing menningarminja á Hofstöðum muni hafa jákvæð áhrif á vernd náttúruminja og gerir ekki athugasemdir við áform um friðlýsingu Hofstaða.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

